

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um rannsókn kynferðisbrotamála.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

- Hvers vegna eru ekki til töluleg gögn um hve langan tíma rannsókn kynferðisbrota tekur frá tilkynningu brots og þar til rannsókn lögreglu lauk, sbr. svar ráðherra á þskj. 754 frá 153. löggjafarþingi?
- Hvers vegna er rannsóknarmeðferð kynferðisbrotamála að lengjast á meðan ákærumeðferð þeirra stýttist, sbr. fyrrgreint svar?
- Stendur til að fjölga stöðugildum rannsóknarlögreglumanna í kynferðisbrotamálum vegna lengingar málsmeðferðartíma?

Skriflegt svar óskast.